

innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 3 1890.

O. J. Halldorsen
gegn
M. Jóhannessen.

D ó m u r :

Með landsyfirrjettardómi 30. sept. f. á. var áfrýjandinn, timburmaður O. J. Halldorsen í Reykjavík, dæmdur til að greiða stefnda, kaupmanni s. st. M. Jóhannessen, verð fyrir þilskipið «Vonin», metið af 2 dómkvöddum, óvilhöllum og kunnugum mönnum, eptir því sem skip þetta var í sept. 1888, þegar það var flutt af Reykjavíkurhöfn, þó eigi meira en 3000 kr., og að frádregnum 80 kr., en málskostnaður skyldi falla niður. Dóm þenna ljet stefndi birta á heimili áfrýjanda 12. okt. f. á. og 31. s. m. fjekk hann útnefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, að áfrýjanda viðstöddum, 2 menn til að meta þilskipið «Vonina», samkvæmt dómnum, og staðfestu matsmennirnir mat sitt með eidi fyrir rjettinum 12. des. næst á eptir, en með matinu var verð skipsins ákveðið 1600 kr. og upphæð sú, sem áfrýjanda bar að greiða samkvæmt dómnum, var því 1520 kr. Dagana 8., 10. og 13. jan. þ. á. var síðan eptir kröfu stefnda framkvæmt af bæjarfógetanum í Reykjavík fjárnám hjá áfrýjanda fyrir nefndri upphæð, 1520 kr., ásamt kostnaði við fullnæging fyrnefnds yfirrjettardóms, sem bæjarfógetinn úrskurðaði að væri 46 kr 80 a., en fjárnám var gjört í veðskuldabryfum og öðrum fjemætum skjölum, er áfrýjandi átti, og í nokkrum

útistandandi skuldum honum tilheyrandi. Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hið þannig framkvæmda fjárnám verði dæmt ómerkt og algjörlega úr gildi fellt, eða til vara, að því verði hrundið og breytt þannig, að hinar fjárnámi teknu eigur verði leystar undan fjárnáminu og stefndi skyldaður til að skila sjer þeim aptur, en kostnaðarreikningurinn við fjárnámið og fleira verði færður niður í 7 kr. Svo hefur hann og krafizt skaðabóta hjá stefnda fyrir tímatöf, átroðning og ónæði, að minnsta kosti 20 kr., og málskostnaðar að skaðlausu, eða eptir mati rjettarins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að hin áfrýjaða gjörð verði staðfest í einu óg öllu, og sjer tildæmdur málskostnaður hjá mótpartinum.

Áfrýjandinn hefur fyrst og fremst haldið því fram, að yfirrjettarmálaflutningsmaður sá, er í umboði stefnda gaf út stefnu tileiðfestingar matsmanna, þeirra er áður eru nefndir, og mætti fyrir hönd stefnda við eiðfestinguna 12. des. f. á., hafi eigi haft umboð til þess frá stefnda; en áfrýjandinn mætti sjálfur við þetta tækifæri án þess að vefengja umboð tjeðs málaflutningsmanns, og verður því mótmælum hans nú eigi sinnt. Í öðru lagi hefur áfrýjandinn haft á móti upphæð fjárnámskostnaðarins, eins og bæjarfógeti úrskurðaði hann, 46 kr. 80 a., og neitað að vera með nokkru móti skyldur til að greiða frekari kostnað en 6 kr. sem gjald í landssjóð fyrir aðför og 1 kr. til fjárnámsvotta. Yfirdómurinn verður reyndar að álíta, að með kostnaðinum hafi einnig rjettilega verið taldar 6 kr. fyrir mót gjörðarbeiðanda við aðförina samkvæmt reikningi hans, en að öðru leyti, eða að því er snertir gjald fyrir eptirrit af yfirrjettardóminum 30. sept. f. á. og birtingu hans og kostnað við matið.

samkvæmt dóminum, þar á meðal laun málaflutningsmanns, álizt hinn úrskurðaði kostnaður áfrýjanda óviðkomandi, þar sem málskostnaður eptir dóminum átti að falla niður.

Áfrýjandi hefur enn fundið það að, að fógetarjetturinn hafi eigi látið fram fara reglulega virðingar- eða álitsgjörð á því, sem tekið var fjárnámi hjá honum; en þetta getur eigi hnekktt gildi gjörðarinnar, eptir því hvernig þeim munum var varið, er teknir voru fjárnámi, sbr. lög um aðför 4. nóv. 1887, 23. gr., og sama er að segja um hina síðustu mótbáru hans gegn gildi fjárnámsins, þá, að munirnir hafi verið veðsettir öðrum, áður en fjárnámið var gjört, því að það var upplýst af stefnda á meðan á fjárnámsgjörðinni stóð, að veðsetning sú, er áfrýjandinn átti við, var ógild, sbr. lög um veð 4. nóv. 1887, 7. gr.

Samkvæmt því, sem þannig hefur verið tekið fram, ber að færa reikninginn um fjárnámskostnaðinn niður um 33 kr. 80 a., eða niður í 13 kr., en að öðru leyti ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð. Í málskostnað virðist stefndi eptir þessum úrslitum málsins eiga að greiða áfrýjanda 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð á að vera óröskuð, þó svo, að áfallinn kostnaður við fullnægingu yfirjettardómsins 30. sept. f. á. teljist að eins 13 kr. Stefndi, M. Johannessen, greiði áfrýjandanum O. J. Haldorsen í málskostnað fyrir yfirdómi 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.